

Covid-19 bólusetningar. Viðamesta árás á mannkyn eftir aðra heimsstyrjöld, segir Naomi Wolf

Eins og lesendur kynnu að reka minni til var lyfjarisinn, Pfizer, dæmdur til að birta leyndarskjöl frá rannsóknafúski sínu á áhrifum covid-19 bólusetninga. Sama á við um skjöl Malvæla- og lyfjastofnunar Bandaríkjanna (Food and Drug Administration – FDA).

Áður hefur fulltrúi fyrirtækisins viðurkennt, að það hafi aldrei verið rannsakað, hvort bólusetning kæmi í veg fyrir smit.

Undir stjórn Amy Kelly frá Lýðræðismiðlinum, DailyClout, hafa 3500 sérfræðingar hinna ýmsu greina rannsakað umrædd skjöl. Niðurstöðurnar hafa nú verið birtar á rafbók.

Naomi Wolf, einn af stofnendum ofangreinds miðils, segir: „Um er að ræða skráningu glæpa, sem furðu valda sökum yfirgrips og ítarleika. Flóðbylgjum frumheimilda og greininga er safnað saman í eitt rit, sem nú kemur fyrir sjónir heimsins barna. Svo virðist sem um sé að ræða verstu árás á mannkyn, síðan að annarri heimsstyrjöldinni lauk.“

Bókin kom út þann tíunda janúar í ár. Staðreyndasnápar (fact checkers) lyfjafyrirtækjanna eru þegar allir á iði eins og við mátti búast. Þeir hamast eins og áður við að breiða yfir bólusetningamisgjörðir lyfjafyrirtækjanna og Bill Gates í Suður-Ameríku, Afríku, Asíu, þ.á.m. Filippseyjum og Indlandi.

Það eru fleiri „ábyrgar stofnanir“ (eins og Þórólfur kallar þær) vestanhafs, sem hafa verið þvingaðir til að birta skjöl. Það á t.d. við um meinvíðbragða- eða aukaverkanaskráningu „Sjúkdómsvarnastofnunar Bandaríkjanna (Centers for Disease Control and Prevention - CDC).

Þar kemur m.a. fram: „Greiningar CDC sýna, að alvarlegar aukaverkanir, sem tilkynntar voru á tæpum tveim árum vegna mRNA Covid-19 bóluefna, voru 5.5 sinnum fleiri en allar tilkynntar, alvarlegar aukaverkanir, vegna allra [annarra] bóluefna fyrir fullorðna, síðan árið 2009.“

Og það fjölgar enn í hópi hjartalækna, sem stíga á stökk og tjá sig um algengar hjartabilanir, sem einu sinni voru fátíðar.

Lyfjaeftirlit Bandaríkjanna er annálað fyrir hagsmunaárekstra. Sífelld koma misfellur í ljós í starfi þessarar „ábyrgu stofnunar.“ T.d. eru virtar að vettugi rannsóknir, sem

sýna fram á rangar forsendur ákvarðana stofnunarinnar, t.d. um markaðsleyfi fyrir mRNA örvunarskammta frá Moderna.

Það hefur áður verið sýnt fram á samstarf háskóla, FDA og varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna í sambandi við tilurð covid-19 veirunnar og bólusetninga við henni. Varnarmálaráðuneytið hefur skoðað hana með tilliti til veiruhernaðar. Í Ástralíu hafa nú kveðið sér hljóðs vísindamenn, sem halda því fram, að bólusetningaherferðin þar í landi hafi verið að undirlagi og undir stjórn nefnds ráðuneytis, þ.e. bandaríska hersins.

Tölur hvarvetna á Vesturlöndum sýna umtalsverða umframdánartíðni, sem varla verður útskýrð öðruvísi en sem aukaverkun bólusetninganna, t.d. í Bretlandi. Japönsk stjórnvöld boða rannsókn á umræddum bólusetningum og aukaverkunum við þeim. Bandarísk stjórnvöld lina bólusetningatakið. Læknar bætast stöðugt í þann hóp, sem vara við þessum bólusetningum.

Spilling í stjórnkerfinu, æðri menntastofnunum og lyfjafyrirtækjunum, hefur verið þekkt um allnökkurs skeið. Nú hefur einnig komið í ljós, að bandarískir þingmenn séu einnig á mála hjá lyfjarisunum. Stórfyrirtæki virðast sömuleiðis hafa lagst á sömu bólusetningaár og þvingað starfsmenn sína til bólusetningar, sbr. málaferli tveggja starfsmanna Disney.

Það er víðar spilling og grunur um spillingu. Ursula von der Leyen er nú til skoðunar hjá Evrópusambandinu fyrir „ástrík“ spillingarsamskipti við (forstjóra) Pfizer.

Þreifiarmar lyfjaauðvaldsins ná ekki einungis til alþjóðastofnanna, embættisveldis og ríkisstjórna, heldur hefur það meira og minna stjórnað fréttáflutningi um heilbrigðismál á Vesturlöndum eins og opinberun leynigagna frá Twitter sýna, svo vart verður um villst.

Stóru fréttaveitur Vesturlanda – einkum bandarískar – hafa stundað meint brot á lögum um hringamyndun (antitrust) og stofnað „Frumkvæði traustra fréttaveitna,“ (Trusted News Initiative). Þátttakendur eru bæði opinberar/hálfopinberar fréttaveitur og fréttastofur í einkaeigu, t.d.: BBC, Washington Post, Reuters, Associated Press, Meta (Facebook, Instagram), Twitter, Microsoft (Linkedin) og Googe (YouTube).

Hópur undir forystu Robert Kennedy, yngri, hefur nú stefnt þessu einokunarfréttabandalagi.

En á líðandi stundu kynni að sjást brestur í samstöðunni. Meira að segja hinir hundtryggu kerfisverndarfjölmiðlar, CNN, Reuters og Politico, skrifa nýlega, að nú sé óhjákvæmilegt að opna augun fyrir hugsanlegu sambandi bóluefnis Pfizer og

hjartaslags. Alla vega virðist samsærivindbelgingurinn farinn úr seglunum. Fox leyfir sér að tala við hinn skynsama þingmann, Ron Johnson, sem gagnrýnt hefur bólusetningarherferð yfirvalda.

En á norrænu vígstöðvunum er annað hljóð í strokknum. Erkikvenfrelsarinn, Gro Harlem Brundtland, kvartar: „Við erum um það bil að missa tökin á því, hvað fólk er sagt.“

En Bill Gates er hvergi nærri af baki dottinn í þeirri yfirlýstu viðleitni sinni að bólusetja öll heimsins börn. Það rekur hvert nýjabrumið á fætur öðru í því sambandi; bólusetning í matvöru (eða gervifæðunni, sem hann framleiðir), bólusetning gripa, sem menn leggja sér til munns, og bólusetning með erfðabreyttum mýflugum, svo dæmi séu tekin.

Gamall draumur breska hagfræðingsins, Thomas Robert Malthus (1766-1834), og erfðabótahugmyndafræðinganna (social Darwinism, eugenics) um fækkun og erfðasnyrtingu mannkyns, lifir enn þá góðu lífi.

Bill og aðrir auðmenn úr röðum alheimsstjórnunarsinna eins og lærifaðir hans, Warren Buffet; George Soros, sem fjármagnar einnig svokallaðar litskrúðsbyltingar (color revolutions) og kollsteypur yfirvalda, sbr. Úkraínu og Íran; Michael Bloomberg; Ted Turner og Oprah Winfrey, svo nokkrir séu nefndir til sögu.

Hversu lengi ætlar Katrín Jakobsdóttir, ráðuneyti hennar og embættismenn, að þegja þunnu hljóði um hættunarfærni af covid-19 bóluefnaherferð sinni? Hversu lengi ætla íslenskir Alþingismenn að sofa svefni hinna óréttlátu um þessar hættur?

<https://rumble.com/v253haf-rfk-jr.-announces-covid-misinformation-lawsuit-on-tucker-carlson-tonight.html?eType=EmailBlastContent&eld=b3b9762b-a7d5-454b-906c-3de7f6591435>

<https://edition.cnn.com/2023/01/11/health/moderna-bivalent-transparency/index.html>

<https://rumble.com/vte5nq-proof-from-dod-database-of-adverse-events-of-covid-vax.html>

https://alexberenson.substack.com/p/urgent-17-percent-of-teenagers-had?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.dailywire.com/news/lawsuit-says-disney-was-a-state-actor-colluding-with-government-to-force-vaccine-on-employees>

<https://childrenshealthdefense.org/defender/moderna-mrna-omicron-targeted-spikevax-bivalent-covid-vaccine-cola/>

<https://expose-news.com/2023/01/15/bbc-led-network-withholds-vital-information-about-covid-injection-safety/>

https://steigan.no/2023/01/absurditetenes-plusslogikk/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://ago-mo-gov.translate.google.com/home/news/2023/01/09/missouri-attorney-general-releases-more-documents-exposing-white-house-social-media-censorship-scheme?x_tr_sl=en&x_tr_tl=no&x_tr_hl=en&x_tr_pto=wapp

<https://www.dailysignal.com/2023/01/12/not-just-misinformation-emails-white-house-facebook-admits-suppressing-often-true-content-covid-19-vaccines/>

<https://steigan.no/2023/01/sikre-effektive-og-dodelige/>

<https://www.reuters.com/business/healthcare-pharmaceuticals/us-says-pfizers-bivalent-covid-shot-may-be-linked-stroke-older-adults-2023-01-13/?taid=63c20b7ae2457e0001b9548c>

<https://news.yahoo.com/cdc-fda-see-possible-between-203157273.html>

<https://www.lifesitenews.com/opinion/us-military-was-secretly-behind-australias-covid-jab-rollout-report/>

<https://www.theblaze.com/op-ed/horowitz-whistleblowers-share-dod-medical-data-that-blows-vaccine-safety-debate-wide-open#toggle-gdpr>

<https://checkfact.org/ansedde-medicinske-redaktoren-peter-doshi-havdar-att-covidvaccinen-saknar-vetenskapligt-stod-utan-data-sa-ar-det-inte-vetenskap/>

<https://expose-news.com/2023/01/15/ministry-truth-bbc-trusted-news-initiative-caused-2mil-excess-deaths/>

<https://stopworldcontrol.com/gates/>

<https://childrenshealthdefense.org/defender/cdc-vaers-covid-vaccines-serious-injuries/>

<https://childrenshealthdefense.salsalabs.org/tni-1?wvpld=2632c6be-8647-4bb0-b529-2b0dc034760d>

<https://dailyclout.io/the-fda-failed-to-present-nejm-study-to-advisors-before-vote-to-recommend-bivalent-boosters/>

<https://dailyclout.io/the-fda-failed-to-present-nejm-study-to-advisors-before-vote-to-recommend-bivalent-boosters/>

<https://orthomolecular.activehosted.com/index.php?action=social&chash=502e4a16930e414107ee22b6198c578f.257&s=86ab7e73aebf3e11ce85c02b5381f21b><https://orthomolecular.activehosted.com/index.php?action=social&chash=502e4a16930e414107ee22b6198c578f.257&s=86ab7e73aebf3e11ce85c02b5381f21b>

<https://dailyclout.io/groundbreaking-new-book-sends-shockwaves-through-pfizers-criminal-enterprise/>

<https://www.naturalnews.com/2023-01-09-vaccinating-food-supply-globalists-force-jab-unvaccinated.html>

<https://www.nytimes.com/2021/04/28/world/europe/european-union-pfizer-vonder-leyen-coronavirus-vaccine.html>

<https://strategic-culture.org/news/2022/11/20/commission-chief-faces-corruption-probe-over-pfizer-contracts/>

https://childrenshealthdefense.org/defender/cnn-moderna-fda-cdc-covid-boosters/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eld=10d12693-233d-4c3f-988c-b8f75096a994

<https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S001393512201982X>

https://childrenshealthdefense.org/defender/kathryn-edwards-pfizer-covid-vaccine-conflict/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eld=68d9b3d6-2e25-4d03-82a3-fc3bbaf2eeec

<https://www.cnbc.com/2022/09/03/covid-19-omicron-shots-available-but-their-effectiveness-is-unclear-.html>

<https://expose-news.com/2023/01/12/emergency-doctor-calls-for-immediate-suspension-of-mrna/>

https://petersweden.substack.com/p/50000-excess-britain?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.politico.com/news/2023/01/10/pentagon-drops-covid-19-vaccine-mandate-for-troops-00077364>

<https://www.statnews.com/feature/prescription-politics/federal-full-data-set/>

https://alexberenson.substack.com/p/more-evidence-that-american-data?utm_source=substack&utm_medium=email

https://naomiwolf.substack.com/p/pixels-bots-and-human-cruelty?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://childrenshealthdefense.org/defender/pfizer-bivalent-covid-vaccine-booster-babies-kids/>